



## VINNUEFTIRLIT RÍKISINS

Ákvörðun nr. 5/2017

### Álagning dagsekta á Reykjavíkurborg vegna vanrækslu á að fara eftir fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins

#### I. Málavextir

Í grunnheimsókn eftirlitsmanns Vinnueftirlits ríkisins til Leikskólans Sólborg sem rekinn er af Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609 að Vesturhlíð 1, 105 Reykjavík, þann 3. apríl 2014, voru veitt eftirfarandi fyrirmæli í eftirlitsskýrslu B 100204:

- Að gera skuli skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað.
- Að í áhættumati skuli fara yfir aðstæður í Lerkistofu og Birkistofu með tilliti til vinnurýmis og gera úrbætur í samræmi við það.
- Að í áhættumati skuli greina og meta aðstæður til flutnings matvæla í og úr geymslu og gera úrbætur í samræmi við það.
- Að tryggja að öryggistrúnaðarmaður og öryggisvörður sækji námskeið um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- Að innréttu skuli þvottarými þannig að starfsmaður geti unnið í vinnuhæð og að hann hafi nægjanlegt rými til að geta unnið í góðri vinnustellingu án þess að þurfa að snúa upp á líkamann.
- Að hafa skuli uppþvottavél í vinnuhæð til að koma í veg stoðkerfisvandamál.
- Að tryggja að í leikskólanum séu þrjár snyrtingar fyrir starfsmenn.
- Að tryggja að hægt sé að hengja göngufatnað í eitt hengi og vinnufatnað í annað aðgreint hengi.

Voru fyrirmælin gefin á grundvelli 24. gr. og 26. gr. reglugerðar nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum, 3. gr. og 4. gr. reglna nr. 499/1994 um öryggi og hollustu þegar byrðar eru handleiknar og 1. og 5. mgr. 3. gr. og 22. gr. reglna nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða. Í framangreindum ákvörðunum Vinnueftirlits ríkisins kom fram að fyrirtækið skyldi tilkynna Vinnueftirliti ríkisins um það þegar úrbótum væri lokið.

Samkvæmt beiðni leikskólans Sólborgar veitti Vinnueftirlit ríkisins aukinn frest, með bréfi, dags. 8. ágúst 2014. Ekki var farið eftir fyrirmælunum eftir að frestur rann út.

Fyrirmælin voru ítrekuð tvisvar sinnum með bréfum sem Vinnueftirlit ríkisins sendi Leikskólanum Sólborg, dags. 7. ágúst 2015 og Reykjavíkurborg, dags. 29. september 2015. Þrátt fyrir þessar ítrekanir þá var ekki farið eftir þessum fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins.

Með bréfi, dags. 1. júlí 2016, var athygli vakin á rétti aðila skv. 13. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 að tjá sig um efni máls áður en ákvörðun yrði tekin í því. Kom fram í bréfinu að Vinnueftirlit ríkisins væri að íhuga að leggja dagsektir á Reykjavíkurborg þar sem það hafði ekki farið að ofangreindum fyrirmælum stofnunarinnar. Reykjavíkurborg var veitt 14 daga frestur til að koma að andmælum áður en Vinnueftirlit ríkisins tæki ákvörðun um hvort leggja skyldi á fyrirtækið dagsektir, sbr. heimild í 87. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum. Með tölvupósti, dags. 2. ágúst 2016, sendi Reykjavíkurborg beiðni um aukinn frest og með tölvubréfi sama dag veitti Vinnueftirlit ríkisins aukinn frest til 12. ágúst 2016. Reykjavíkurborg óskaði svo aftur eftir auknum fresti til að gera úrbætur í samræmi við framangreind fyrirmæli Vinnueftirlitsins ríkisins, með tölvupósti dags. 3. ágúst 2016. Vinnueftirlitið veitti Reykjavíkurborg aukinn frest til 1. september 2017 til að gera endanlegar úrbætur með tölvubréfi, dags. 25. ágúst 2016, gegn því að Reykjavíkurborg myndi ráðast í úrbætur til bráðabirgðar vegna fyrirmæla 3, 5 og 7 skv. framangreindri eftirlitsskýrslu. Í framangreindu tölvubréfi kom skýrlega fram að ef tilkynning um úrbætur, sbr. 6. mgr. 82. gr. laga nr. 46/1980, bærisk ekki stofnuninni til og með 1. september 2017 þá gæti komið til álagningar dagsektar án frekari fyrirvara. Framangreindur tölvupóstur var móttækin af Reykjavíkurborg með tölvupósti, dags. 25. ágúst 2017. Ekkert heyrðist frekar í Reykjavíkurborg né leikskólanum Sólborg eftir það.

## **II. Niðurstaða**

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum er það tilgangur laganna að tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi. Samkvæmt 75. gr. laga nr. 46/1980 er það hlutverk Vinnueftirlits ríkisins að hafa eftirlit með lögunum. Í lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum erum mörg almenn efnisákvæði er kveða á um hvernig vinnuumhverfi starfsmanna skuli háttað og í reglum og reglugerðum sem settar hafa verið á grundvelli þeirra eru ákvæði laganna nánar útfærð.

Leikskólinn Sólborg er rekinn af Reykjavíkurborg og telst því sveitarfélagið atvinnurekandi í skilningi laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, sbr. 1. mgr. 12. gr. laganna. Samkvæmt 13. gr. laga nr. 46/1980 er það skylda atvinnurekanda að tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Skv. 37. gr., 42. gr. og 46. gr. laga nr. 46/1980 skal fylgja fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. 6. mgr. 82. gr. laga nr. 46/1980 kveður á um það að ef Vinnueftirlit ríkisins beinir skriflegum fyrirmælum til atvinnurekanda um úrbætur á vinnustað ber viðkomandi atvinnurekanda eða fulltrúa hans að tilkynna stofnuninni formlega, svo sem bréflega eða með rafrænum hætti, þegar umræddum úrbótum er lokið á vinnustaðnum. Þar sem Reykjavíkurborg hefur ekki farið að framangreindum fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins þrátt fyrir að fyrirmælin hafi verið ítrekuð og veittir hafa verið margir frestir þá hefur stofnunin tekið þá ákvörðun að leggja á Reykjavíkurborg dagsektir, sbr. heimild í 87. gr. laga nr. 46/1980, þangað til sveitarfélagið uppfyllir lagaskyldur sínar, en sú grein kveður á um það, að ef ákvæði laga nr. 46/1980 eða reglna sem settar eru með stoð í þeim eru brotin og ekki er farið eftir ákvörðun Vinnueftirlits

ríkisins á grundvelli þeirra þá getur stofnunin ákveðið að sá eða þeir sem ákvörðun beinist að greiði dagsektir þar til farið verður að henni.

Samkvæmt gögnum Vinnueftirlits ríkisins þá starfa 42 starfsmenn hjá Reykjavíkurborg í leikskólanum Sólborg.

### **III. Ákvörðunarorð**

**„Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, hefur brotið gegn 24. gr. og 26. gr. reglugerðar nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum, 3. gr. og 4. gr. reglna nr. 499/1994 um öryggi og hollustu þegar byrðar eru handleiknar og 1. og 5. mgr. 3. gr. og 22. gr. reglna nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða.**

**Af þeim sökum og með heimild í 87. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, leggur Vinnueftirlit ríkisins dagsektir á Reykjavíkurborg. Skal sveitarfélagið greiða kr. 50.000 á dag frá og með næsta degi eftir að sveitarfélaginu var tilkynnt sannanlega um þennan úrskurð og þar til það hefur tilkynnt um úrbætur til Vinnueftirlits ríkisins í samræmi við ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins frá 3. apríl 2014.”**

Vinnueftirlit ríkisins